Tillaga að ályktun um samgöngubætur í Árneshreppi

71. Fjórðungsþing Vestfirðinga að hausti haldið á Patreksfirði 27. og 28. október 2026, skorar á stjórnvöld að tryggja nauðsynlegt fjármagn til úrbóta á Strandavegi í Árneshreppi og forgangsraða framkvæmdum við Veiðileysuháls, sem ítrekað hefur verið ýtt aftar á samgönguáætlun.

Fjórðungsþingið leggur áherslu á að greiðar og öruggar samgöngur séu forsenda búsetu, atvinnuþróunar og framtíðaruppbyggingar í Árneshreppi, og á Vestfjörðum öllum. Jafnframt verði tryggt að fyrirhuguð uppbygging og orkunýting á svæðinu, þar á meðal Hvalárvirkjun, sé ekki möguleg án þess að nauðsynlegar samgöngubætur fylgi.

Fjórðungsþingið hvetur sveitarfélög á Vestfjörðum og þingmenn kjördæmis til að standa saman að kröfum um úrbætur í samgöngumálum Árneshrepps og beita sér fyrir því að stjórnvöld setji nauðsynlegar framkvæmdir í forgang.

Greinargerð:

Ljóst er að samgöngur til Árneshrepps hafa um árabil verið erfiðar og ástand Strandavegar haft mikil áhrif á daglegt líf íbúa, atvinnustarfsemi og möguleika til uppbyggingar. Framkvæmdum við Veiðileysuháls hefur ítrekað verið frestað og finna þarf lausn á farartálmum í Reykjafirði t.d með vegi yfir Naustvíkurskörð. Öruggar samgöngur og betri vetrarþjónusta er grundvöllur þess að hægt sé að skapa hér fleiri heilsársstörf.

Fyrirhuguð Hvalárvirkjun er stórt hagsmuna- og orkumál fyrir Vestfirði í heild. Ef ráðist verður í svo umfangsmikla framkvæmd er mikilvægt að samgönguinnviðir á svæðinu verði bættir til að mæta auknu álagi á vegi vegna framkvæmda og tryggja viðunandi samgöngur til framtíðar. Eðlilegt er að nauðsynlegar samgöngubætur séu hluti af heildarsýn stjórnvalda á uppbyggingu og orkunýtingu á svæðinu.

Samgöngubætur í Árneshreppi eru ekki eingöngu hagsmunamál íbúa sveitarfélagsins heldur varða þær framtíð byggðar, atvinnulífs og uppbyggingar á Vestfjörðum. Mikilvægt er að sveitarfélög fjórðungsins standi saman um málið og að stjórnvöld sýni í verki að hagsmunir fámennra byggðarlaga séu hluti af sameiginlegri framtíðarsýn fyrir landshlutann.

Með því að forgangsraða framkvæmdum við Veiðileysuháls og tryggja nauðsynlegar úrbætur á Strandavegi má bæta umferðaröryggi, styrkja búsetuskilyrði og skapa betri forsendur fyrir atvinnuþróun og framtíðaruppbyggingu í Árneshreppi og á Vestfjörðum öllum.

Flutningsmaður: Þorgerður Lilja Björnsdóttir fyrir hönd Árneshrepps